



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

# Yfirlýsing

## **-Eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar með gjaldskrá Íslandspósts innan alþjónustu-**

### I.

#### Almennt

Þann 4. febrúar 2020 birti Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) svokallað -Stöðuskjal- (PFS(20)-02), þar sem stofnunin fór yfir þær eftirlitsskyldur sem hún hefur með gjaldskrá Íslandspósts (hér eftir ÍSP) innan alþjónustu. Tilfnið var m.a. ný lög um pósthjónustu nr. 98/2019, sem tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Í samræmi við hin nýju lög tilkynnti ÍSP nýjar gjaldskrár innan alþjónustu, sem tóku bæði til „Bréfapósts innanlands“ og „Pakka innanlands“

Í hinu fyrra stöðuskjali PFS kom það m.a. fram að stofnunin teldi ekki ástæðu til, á þessu stigi, að kalla eftir frekari röksemdum og/eða skýringum á þeim gjaldskrár innan alþjónustu sem tóku gildi þann 1. janúar 2020 og að stofnunin hygðist ekki beita þeim inngripsheimildum sem kveðið er á um í 3. mgr. 18. gr. laga um pósthjónustu. Vísaði stofnunin m.a. til þess að engin reynsla væri komin á hvaða afleiðingar hin nýja löggjöf mun hafa á rekstur fyrirtækisins. Sérstaklega ætti það við um kröfuna um sömu gjaldskrá um land allt. Auk þess hafði komið fram að ÍSP hafði gengið í gegnum ýmsar hagræðingaraðgerðir og breytingar að undanfögnu vegna taprekstrar, s.s. breytingar á þjónustuframboði, viðbrögð við fækkun bréfa, niðurlagning starfsstöðva, fækkun starfsfólks o.fl. Stofnunin féllst því á að sá grunnur sem félagið hafði byggt verðlagningu sína á hingað til væri mögulega ekki vel til þess fallinn að ákvarða verðlagningu félagsins á vörum innan alþjónustu til framtíðar. Ætti þetta sérstaklega við varðandi hina nýju kvöð um sama verð á öllum vörum innan alþjónustu, en Alþingi útvíkkaði andlag alþjónustu í 2. mgr. 17. gr. í nýju póstlögum þannig að nú fellur öll alþjónusta undir þá kvöð að sama verð skuli gilda um allt land, þ.m.t. pakkar allt að 10 kg, en áður féll einungis 50 gr. bréf undir þá kvöð. Fyrir setningu hinna nýju laga voru gjaldskrár vegna pakkasendinga almennt svæðisbundnar.

Stofnunin taldi engu að síður nauðsynlegt að ÍSP endurskoðaði gjaldskrá félagsins vegna „Pakka innanlands“ fyrr en félagið hafði áætlað, en ÍSP hugðist endurskoða gjaldskrána að

loknu fyrsta rekstrarárinu eftir að hin nýju lög um pósthjónustu tækju gildi. Færði stofnunin eftirfarandi rök fyrir þessari skoðun sinni, í því stöðuskjali sem birt var:

„• Að mati PFS þarf ÍSP að sýna fram á að verðlagning fyrirtækisins hverju sinni taki mið af raunkostnaði að viðbættum hæfilegum hagnaði. Á þetta sérstaklega við um kröfuna um sömu gjaldskrá um land allt þar sem ÍSP kys að miða við verðlagningu á landinu öllu við gildandi verð á svæði 1, þ.e. vegna svæða 2, 3 og 4, sem orsakar samsvarandi tekjutap á þökkum innanlands að öðru óbreyttu.

• Samkeppnisástæður á markaðnum, einkum skörun póstmarkaðar og flutningamarkaðar á dreifingu pakka innanlands.

• Jafnframt mun niðurstaða PFS í útnefningu nýs alþjónustuveitanda mögulega hafa hér áhrif en ekki er sjálfgefið að skyldan verði lögð á ÍSP. En í væntanlegu samráðsskjali PFS mun m.a. verða óskað eftir athugasemdum hagsmunaaðila við útfærslu PFS á gjaldskráreftirliti stofnunarinnar með vörum innan alþjónustu sem og framkvæmd útreikninga vegna alþjónustubyrði.“

Í bréfi til fyrirtækisins var jafnframt vísað til þess að niðurstöðutölur úr rekstri félagsins yfir fyrstu mánuði ársins ættu að geta gefið upplýsingar um hvernig tekjur og kostnaður innan alþjónustu væri að þróast. Einnig væri nauðsynlegt að sú endurskoðun sem ÍSP boðaði færi fram um leið og nauðsynlegar upplýsingar lægju fyrir, enda kynni gjaldskráin einnig að hafa áhrif á alþjónustuframlag ríkisins.

Frestur til endurskoðunar var upphaflega gefinn til 5. maí 2020, en var seinna framlengdur í tvígang að beiðni ÍSP.

Í samræmi við ofangreint tilkynnti ÍSP um nýja gjaldskrá vegna „Pakka innanlands 0-10 kg.“ til PFS, með tölvupósti, dags. 8. júlí 2020. Hækkunin var frá 7,7% til 9,5% og tók hún gildi þann 1. ágúst 2020.

Gera má hins vegar ráð fyrir því að gjaldskrá pakka innanlands komi á ný til skoðunar á árinu 2021, þegar ÍSP skilar inn upplýsingum í tengslum við bókhaldslegan aðskilnað félagsins fyrir árið 2020, sbr. 19. og 20. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019. Jafnframt, eins og áður sagði, er mögulegt að gjaldskrá vegna pakka komi til skoðunar í tengslum við útreikninga á alþjónustuframlagi ÍSP, en félagið hefur þegar fengið bráðabirgðaframlag að upphæð 250 millj. króna vegna rekstrarársins 2020, sbr. ákvörðun PFS nr. 29/2019.